


ORÐALISTI OG SKÝRINGAR  
yfir heiti og hugtök í vatna-  
fræði og skyldum greinum



HRINGRAS VATNSINS

ORÐALISTI OG SKÝRINGAR  
YFIR HEITI OG HUGTÖK Í VATNAFRÆÐI OG SKYLDUM GREINUM.

ENSKA - ÍSLENSKA  
ÍSLENSKA - ENSKA

ÁRNI HJARTARSSON TÓK SAMAN.

EFNISYFIRLIT

Formáli.	bls. 4.
Enska - Íslenska með skýringum.	bls. 7.
Íslenska - Enska.	bls. 20.
Heimildir.	bls. 27.

## FORMÁLI

Lektarprófanir sýna leiðni af lítilli stærðargráðu. Orkuvinnsluhæfni óboraðra holuvalkosta er því ekki lofandi, enda mun vatnsleiðnigetupykkt aquifersins að öllum líkindum lítil. Auk þess veldur óróinn á svæðinu því, að gufuholurnar hafa dottið niður hver af annari og nást ekki upp aftur. Holutapið er mikið. Sérfræðingar Orkustofunnar Varmavirkis hf. mæla því með, að borholusvæðið verði flutt þangað sem kyrrari og vatnsgæfari bergskrokka er að vænta.

Málgreinar eins og þessar sjást víða í skýrslum jarðfræðinga og verkfræðinga sem um jarðhitafræði og vatnajarðfræði fjalla. Orðavalið ber vitni um nýyrðasmíði af meira kappi en forsjá, en er einnig dæmigert fyrir unga fræðigrein sem ekki hefur öðlast hefðbundinn orðaforða um hugtök sín og fyrirbæri. Það hefur löngum verið landlæg áráttu að búa til íslensk orð yfir alla skapaða jafnt sem óskapaða hluti og hugtök í víðri veröld. Þar hefur verið fylgt annarri stefnu en í nágrannalöndum okkar, sem láta sér nægja að taka hið enska eða alþjóðlega orð og skeyta við það eigin endingum. Hvort þetta er skynsamleg eða óskynsamleg stefna er umdeilanlegt, en þó má fullyrða að í nýyrðasmíðinni þarf að vera hóf eins og öðru. T.d. á ekki að búa til orð yfir hluti sem eiga sér gamalgróin heiti í málinu, ekki gera orð sem eru jafn óskiljanleg og erlendu orðin, finna ekki upp mörg óskyld orð yfir skylda eða tengda hluti sem þarfnast samræmdra orða o.s.frv.

Ávallt, þegar ný fræðigrein er að ryðja sér til rúms með öllum nýyrðum sínum og hugtökum, og áhangendur greinarinnar taka til að þýða hver í kapp við annan, kemur upp tímabil nýyrðaóreiðu. Þá er allt í einum hrærigraut, fegurstu snjallyrði, undarlegustu bastarðar og ógeðslegustu vanskapningar. Þannig er ástandið í ýmsum greinum jarðfræðinnar, ekki síst vatnajarðfræðinnar.

Sama orðið er oft til í ótal þýðingum. Orðið porosity er þýtt með groppa, gleypni, póruhluti og holrými. Aquifer er þýtt með jarðvatnslinsa, grunnvatnslins vatnsberi, grunnvatnsberi, grunnvatnsveitir, veitir, vatnsleiðari, vökvaberi. Verra er þegar sama íslenska orðið er notað um mismunandi erlend orð, t.d. hefur orðið leiðni (eða vatnsleiðni) staðið fyrir transmissivity, permeability og intrinsic (specific) permeability. Orðið lekt er notað bæði fyrir transmissivity og permeability.

Sumar orðabýðingar gefa kolranga hugmynd um þau fyrirbrigði sem þau eiga að tákna. Þannig hefur rangnefnið vatnsleiðnigeta verið látið tákna intrinsic permeability. Intrinsic permeability er eiginlekt eða raunlekt efnis og óháð vökvunum sem um það streymir, þess vegna má aldrei kenna þetta hugtak við vatn né aðra vökva. Af orðinu vatnsleiðnigeta hefur svo orðskrípið vatnsleiðnigetubýkkt verið leitt. Þar er kominn vanskapaður sem þjáist af flestum þeim meinum sem nýyrði getur þjád.

Í orðasafni þessu eru tæplega 250 orð sem tengd eru vatnafræðum. Það er því fjarri því að vera tæmandi í þeim efnum. Aðeins þau orð sem oftast ber á góma eru skráð og reyndar sleppt fjölda gamalgróinna orða sem allir skilja og enginn vafi leikur á hvað þýða.

Orðasafninu er ekki ætlað að vera neinn stóridómur um hvaða orð skuli nota yfir hugtök og fyrirbrigði vatnafræðinnar, heldur aðeins að vera lítið innlegg í því skyni að koma þar á auknu samræmi og skipulagi, meðan beðið er eftir öðrum og betri orðaskrám.

Ég er enginn nýyrðasmiður og hef ekki búið til eitt einasta þeirra orða sem hér eru tínd til, aðeins sankað saman þeim orðum sem menn nota sín á milli og sjást í bókum og reynt að skilgreina þau á samræmdan hátt. Ég ætlast ekki til að menn samþykki þessar

skilgreiningar í einu og öllu, ég ætlast þvert á móti til að þær verði gagnrýndar miskunnarlaust og betrumbættar svo sem við á.

Þetta er ekki fyrsti orðalistinn sem út kemur yfir íslensk vatnafræðiheiti. Árið 1973 kom út mikil orðaskrá; Nordisk Hydrologisk Terminology. Skráin var samin af tilhlutan norrænu IHD nefndanna. Í henni eru gefin upp ensk vatnafræðiheiti og íslenskar, sænskar, norskar, danskar og finnskar orðabýðingar. Skráin er án orðaskýringa. Í formála hennar segir að hún sé ósamræmt orðasafn úr hinum ýmsu sviðum vatnafræðinnar og beri að skoðast sem áfangaskýrsla.

Orðalisti sá sem hér fer á eftir inniheldur ekki nema brot af þeim orðaforða sem norræna skráin geymir, og er því enginn arftaki hennar.

Hins vegar verður hann vonandi að gagni við endanlegan frágang og samræmingu Nordisk Hydrologisk Terminologi.

Raddir hafa heyrst um það, að nauðsynlegt sé orðið að hefja samningu jarðfræðilegs orðasafns og orðaskýringa á íslensku. Undanfari slíks verks eru margir litlir orðalistar úr hinum aðskiljanlegu greinum jarðfræðinnar, sem ganga manna á meðal til skrafs og betrumbóta. Hér er einn slíkur.

Árni Hjartarson.

ENSKA-ÍSLENSKA MEÐ SKÝRINGUM.

ABLATION - afnám, leysing, jökulleysing, affok (t.d. jarðvegsrof).

ABLATION AREA - afnámssvæði, leysingarsvæði.

ABSORPTION - ísog, binding. Sá eiginleiki efnis að sjúga í sig vökva og binda hann í sig með sogpípu- og sameindakröftum.

ACCUMULATION - ákoma, söfnun. Það magn snævar sem bætist á ákomusvæði jökuls á ákveðinni tímaeiningu.

ACCUMULATING AREA - ákomusvæði, safnsvæði. Það svæði á jökli þar sem árleg snjókoma er meiri en árleg leysing.

ADHESION - viðloðun. Samloðun vatnssameinda og sameinda þess efnis sem þær streyma um.

ADVECTION - aðstreymi.

ALLUVIUM, ALLUVIAL SEDIMENTS - fallvatnaset, árset, lækjarset.

ALLUVIAL FAN - aurkeila, árkeila, lækjarkeila, skriðuvangur. Framburðarkeila úr fallvatnaseti.

ANCHOR ICE - grunnstingull. Ís sem myndast á árbotni.

AQUATIC (AQUEOUS) - vatns-, vatna-.

AQUICLUDE - stemmir. Þétt jarðlög eða jarðmyndun, óvatnsgeng. (Latína: AQUA = vatn. CLAUDERE = að loka )

AQUIFER - grunnvatnsveitir, veitir, vatnsberi, grunnvatnsberi, vatnsleiðari, vökvaberi, ákafar (sbr. aquavitae = ákavíti). Orðið er komið úr latínu AQUA = vatn og FERRE = að bera. Jarðmyndun sem inniheldur mikið vatn og leiðir vel.

AQUIFUGE - grunnvatnstemplar (latína FUGERE = að reka burt). Jarðmyndun sem hvorki inniheldur né getur leitt vatn (þétt granít).

AREATION ZONE - jarðrakasvæði. Efsti hluti jarðskorpunnar hvar vatnið er ekki undir vökvaprýstingi. Holrúm bergsins er að mestu loftfyllt. Vatn á þessu svæði er bundið með sameindakröftum í jarðlögum. Sjá: SUBSURFACE WATER.

ARID - þurr, vatnslaus.

ARID ZONE - þurrrakasvæði.

ARTESIAN WATER - þrýstivatn. Vatn undir þrýstingi í lokuðum veiti (CONFINED AQUIFER).

- BED LOAD TRANSPORT - botnskrið. Sá hluti árframburðar sem skriður og veltur með botni.  
Sjá: SEDIMENT LOAD, LOAD.
- BELT OF FLUCTUATION -hvarfásvið (grunnvatns). Það landssvæði sem ákveðin grunnvatnsskil geta leikið um eftir árstíðum.  
Sjá: GROUNDWATER DIVIDE.
- BOG (MIRE) - mýrlendi. MARSH = flói, SLOPING MIRE = hallamýri, ALLUVIAL MIRE = flæðimýri, MOSS FLUSH, DY = dý, SALT MARSH = sjávarfitjar, Palsa MIRE = flá, TUNDRA = freðmýri,
- BOTTOM TEMPERATURE - botnhiti. Hitastig á botni jarðhitasvæðis eða jarðhitakerfis.
- BRACKISH - ísaltur, hálsaltur.
- BRACKISH WATER - ísalt, ( hálsalt) vatn, flæðivatn.  
Blanda ferksvatns og sjávar.
- BRAIDED STREAM - aurvatn. Á sem rennur í ótal breytilegum kvíslum um aura og sanda. Hún hleður meira undir sig en hún rífur brott.
- BRINE (PICKLE) - þekill, salt vatn. HIG TEMPERATURE BRINE - háhitasvæði með söltu vatni.
- CAPILLARY FRINGE - hárpípubelti, hárpípusvið. Þunnt belt ofan grunnvatnsborðs þar sem allar holur eru fylltar vatni vegna hárpípusogs.  
Sjá: GROUNDWATER, SUB SURFACE WATER.
- CASCADES - sjá RAPIDS
- CATCHMENT AREA ( DRAINAGE BASIN) - vatnasvið, aðrennslisvæði, afrennslisvæði. Landsvæði sem á í vatn eða vatnakerfi dregur vatn sitt af.
- CONE OF DEPRESSION - niðurdráttarkeila Svelgur sem myndast í grunnvatnsborð umhverfis borholu eða brunn sem dælt er úr.
- CONFINED WATER - þrýstivatn. Sjá ARTESIAN WATER.
- CONFLUENCE - ármót.
- CONNATE WATER - setvatn. Vatn sem bundist hefur í jarðlögum (setlögum) við myndun þeirra en getur losnað af ýmsum ástæðum og tekið þá á ný þátt í hinni almennu hringrás vatnsins. Sjá: METORIC W. JUVENILE W.
- CRYOLOGY - ísafræði. Fræði um ís. Jökulís, snjó og hafís.
- DARCY [L<sup>2</sup>] - eining fyrir raunlekt. Sjá: RAUNLEKT .



- DELTA - óseyri, árósar, óshólmar. Þrýhyrningslaga hólmar úr árseti við árósa í sjó eða vötnum.
- DEUTRIUM - tvívetni. Vetrissamsæta sem hefur eina róteind og eina nifteind í kjarna. Tvívetnismælingar hafa komið að góðum notum við könnum á jarðvatnskerfum og grunnvatnsstreymi.
- DIRECT RUN - OFF RIVER - dragá. Á sem mestmegnis nærast af yfirborðsafrennsli. Rennslið er mjög sveiflukennt eftir árstíðum og úrkomu-sveiflum. Sjá: STREAM.
- DISCHARGE - rennsli í rúmmáli á tímaeiningu ( $m^3/sek.$ ).
- DRAINAGE BASIN - vatnasvið. Landsvæði sem á eða vatnakerfi dregur vatn sitt af.
- DRAINAGE NET - vatnakerfi. Vötn, lækir og ár sem falla til sameiginlegrar aðalár eða um sameiginlegann ós til sjávar.
- DRAWDOWN - niðurdráttur, lökkun. Lökkun grunnvatnsborðs (eða vatnsflatar) vegna dælingar.
- DRAWDOWN TEST - niðurdráttarprófun, dæluþrófun. Vatnafræðileg rannsókn framkvæmd með dælingum.
- EPHEMERAL STREAM - stopul á. Óstöðugt vatnsfall myndast við stórrigningar og leysingar. Finnst einungis á mjög þéttum grunni eða þurrum svæðum og hefur engin tengsl við grunnvatnið. Sjá: STREAM.
- EQUILIBRIUM LINE, (FIRN LINE) - hjarnmörk, jafnvægislína. Mörk safnsvæðis og leysingasvæðis á jökli.
- EVAPORATION - uppgufun. Bein uppgufun vatns (vökva) af yfirborði jarðar. Sjá: TRANSPIRATION, EVAPOTRANSPIRATION.
- EVAPOTRANSPIRATION - gnóttargufun. Mesta mögulega gufun úr jörð og gróðri (þ.e. upp af samfelldri gróðurþekju og raka mettuðum jarðvegi).  
ACTUAL EVAPOTRANSPIRATION - raungufun. Raunveruleg gufun úr jörð og gróðri. Sjá: EVAPORATION, TRANSPIRATION.
- FALLSMAKER (?) - fossvaldur. Það landmótunarafl útrænt eða innrænt sem veldur því að fossar myndast. Sjá: WATERFALL.
- FANNING FRICTION FACTOR - Fanning núningsstuðulinn, (einingarlaus).

$$f = \frac{d\Delta p}{2pLv^2}$$

$\Delta p$  þrýstifall

$d$  þvermál pípu


$p$  eðlisþungi vökva

$L$  lengd

$v$  hraði

- FLOOD - flóð, hlaup, vatnavextir.
- FLOOD CREST - flóðtoppur.
- FLOOD DEPOSITS - flóðaset.
- FLOOD PLAIN - flóðvöllur, flóðvangur. Sléttlendi kringum á.  
Landsvæði sem á leikur um og getur flætt yfir.
- FLOOD WAVE - flóðbylgja.
- FLOW - streymi, rennsli.
- FLOW LINE - straumlína. Lína sem sýnir straumstefnu.
- FLOW NET - (rennslisnet) straumnet.
- FLOW PATTERN - straumlag.
- FLOW VELOCITY - straumhraði.
- FLUID MECHANICS - straumfræði. Sú grein vísinda sem fæst við hreyfingu í vökvum, streymi og öldugang.
- FLUVIAL - myndaður af fallvatni, vatna-, straumvatns-, fleyti-.
- GLACIOFLUVIAL (FLUVIOGLACIAL) -myndaður af jökulvatni, jökulvatna-.
- FLUX - flæði. Rennsli um ákveðið þversnið.
- FORD - brot í á. Grynningar í á sem valda hraðstreymi. Oft heppileg sem vöð. Brot - ford er hæpin þýðing.
- FUMAROLE - gufuhver, gufuauga. Hver sem mestmegnis gýs gufu. Op sem gufa stígur úr.
- GAUGING STATION - vatnshæðarmælistöð.
- GEOHYDROLOGY ( SUBTERRANIAN HYDROLOGY) - jarðvatnsfræði, (grunnavatnsfræði). Vatnafar jarðvatns.
- GEOHERMAL - jarðhita-, jarðvarma-.
- GEOHERMAL AREA - jarðhitasvæði. Svæði þar sem heitt vatn kemur upp á yfirborðið.
- LOW TEMPERATURE AREA - lághitasvæði. Botnhiti jarðhita-kerfisins  $<150^{\circ}\text{C}$ .
- HIGH TEMPERATURE AREA - háhitasvæði. Botnhiti jarðhita-kerfisins  $>150^{\circ}\text{C}$ .
- GEOHERMAL FLUID - jarðhitavökvi. Heitt grunnavatn eða jarðsjór með miklu af uppleystum efnum.
- GEOHERMAL GRADIENT - jarðhitastigull.
- GEYSER - goshver. Hver sem gýs vatnsstrók í loft upp.
- GHYBEN - HERZBERG LAW - formúla um þykkt ferskrar jarðvatns-linsu fljóttandi á sjó.

$$hs = \frac{pf}{ps - pf} hf$$



GHYBEN - HERZBERG LENS - ferskvatnslinsa á jarðsjó.

GLACIAL RIVER (GLACIER STREAM) - jökulá, jökulsá. Á með upptök í og undir jökli. Sjá: STREAM.

GLACIER - jökull.

ALP GLACIER - alpajökull, daljökull.

CIRQUE GLACIER - skálar- (botn) jökull.

COLD GLACIER - gaddjökull.

ROCK GLACIER - þelaurð.

TEMPERATE GLACIER - tempraður jökull, þíðjökull.

ICE FALL - falljökull.

GLACIER BURST (GLACIER FLOOD) - jökulhlaup. Skyndilegt vatns-  
hlaup úr jökulstífluðu lóni eða vatnsgeymi undir  
jökli.

GRAVITATIONAL WATER - sigvatn. Vatn á leið frá yfirborði til  
grunnvatnsborðs.

GROUNDWATER - jarðvatn. Vatn og raki undir yfirborði þurrlendis  
jarðar. Sjá: SUB-SURFACE WATER.

Grunnvatn. Jarðvatn undir grunnvatnsborði. Vatn  
undir vatnþrýstingi í holum og glufum jarðlaganna.

GROUNDWATER DIVIDE - grunnvatnsskil. Skil í jörðu hvar grunn-  
vatn greinist til tveggja átta. Grunn-  
vatnsskil geta verið breytileg eftir  
árstíðum. Sjá: BELT OF FLUCTION.


GROUNDWATER HYDROLOGY - jarðvatnsfræði. Vatnafar jarðvatns.  
Sjá: GEOHYDROLOGY.

GROUNDWATER RESERVOIR - grunnvatnsgeymir. Jarðlög sem inni-  
halda mikið grunnvatn. Orðið er víð-  
tækara en veitir (aquifer). Grunn-  
vatnsgeymir getur verið samsettur úr  
einum eða fleiri veitum.

GROUNDWATER STORAGE - grunnvatnsforði. Nýtanlegur vatns-  
forði í ákveðnum jarðlögum (veiti).  
Sjá: COEFFICIENT OF STORAGE.

GROUNDWATER SURFACE, GROUNDWATER LEVEL, GROUNDWATER TABLE-  
grunnvatnsborð, grunnvatnsflötur. yfirborð grunnvatnsins.  
Sjá: SUB-SURFACE WATER.

HARDNESS ( OF WATER) - harka (vatns). Magn uppleysts kalks  
ákveður hörku vatnsins. Ein hörkugráða er  
110 ppm CaO. MgO gefur einnig hörku.



HEAVY WATER - þungt vatn ( $\text{D}_2\text{O}$ ). Vatn þar sem tvívetni situr í stað vetnis í vatnssameindinni.

HIGHTEMPERATURE AREA - háhitasvæði. Sjá GEOTHERMAL AREA.

HYDRAULICS - straumfræði (tæknileg straumfræði). Sú grein vatnafræði eða verkfræði sem fæst við streymi í vatni eða vökvum hvort heldur sem er í ám, skurðum, pípum eða neðanjarðar, Sjá FLUID MECHANICS.

HYDROBIOLOGY - vatnalíffræði.

HYDROGEOLOGY - vatnajarðfræði. Jarðfræði sem lýtur að hegðun vatna.

HYDROGRAPH - vatnsrit, vatnslínurit. Línurit sem sýnir vatns-hæð á móti tíma.

THE HYDROLOGIC CYCLE - vatnafarshringurinn, vatnshringrásin. Sjá kápumynd.

HYDROLOGICAL CONDITIONS - vatnafar. Almennir eiginleikar og hegðun vatns (ekki sjávar), bæði yfirborðs og jarðvatns.

HYDROLOGY - vatnafræði. Hérlendis er orðið mest notað um yfirborðsvatnafræði.

HYDROLOGIST - vatnafræðingur.

HYDROMETRY - vatnamælingar. Straum og rennslismælingar á fallvötnum. Kortlagning stöðuvatna og fallvatna. Mælingar á yfirborðssveiflum vatna og grunnvatns.

ICE DAMMED LAKE - jökullón. Lón sem stíflast hefur uppi af jökli en hverfur eða minnkar mjög þegar jökullinn bráðnar burt.

IMPERMEABLE ( IMPREVIOUS) - þéttur ( vatnsþéttur).

INTERCRYSTALLINE - millisteindarými.

INTERCRYSTALLINE WATER - millisteindavatn.

INTERMITTENT STREAM - árstíðabundið fallvatn (þornar upp á þurrum árstíma). Sjá: STREAM.

INTERNATIONAL ASSOCIATION OF HYDROLOGISTS-IAH - alþjóða-samband vatnafræðinga.

INTERNATIONAL HYDROLOGICAL DECADE, IHD - alþjóða vatnafræði-áratugurinn. Árin 1965 - 1975 var gert alþjóða átak í vatnafræðirannsóknnum að tilhlutan UNESCO.

INTRINSIC PERMEABILITY. Sjá: SPECIFIC PERMEABILITY.

JACOBS EQUATION - Jacobs jafnan. Jafnan er leidd út frá Theis jöfnu og bætt í hana leiðréttingarlið fyrir iðustreymi sem myndast í nágrenni t.d. borholu og veldur truflunum á vatnsrennsli til hennar.

$$h_0 - h = \frac{Q}{4\pi T} \ln \frac{2.25 Tt}{r^2 S} \quad (\text{Sjá Theis jöfnu}).$$

JET FLOW - strengur. Hraðstreymi í á.

JUVENILE - ungur, nýr. Í jarð- og vatnafræðum er orðið mest notað um vatn og gastegundir sem koma til yfirborðs í fyrsta sinn úriðrum jarðar.

JUVENILE WATER - nývatn, iðravatn. Vatn komið úr iðrum jarðar og tekur í fyrsta sinn þátt í vatnafarshringnum.

JUVENILE GAS - nýgas, iðragas. Gas og loftteg. nýkomnar úr iðrum jarðar.

LACUSTRINE - stöðuvatna-.

LACUSTRINE SEDIMENT - stöðuvatnaset.

LAKE - stöðuvatn

GLACIER ERODED LAKE - jökulrofsvatn.

KETTEL LAKE - jökulker.

GLACIER FORMED LAKES - GLACIER MARGINAL L. (PROGLACIAL L.) - jökultunguvatn, sporðalón.

GLACIER MARGINAL L. (LATERAL L.) - jökullón, jaðarlón.

GLACIER SURFACE L. - lón á jökulyfirborði.

CRATER L. (MAAR) - sprengigígsvatn.

ERUPTIVE LAKES - DAM OF ERUPTIVES - gosefna stíflað vatn (hraunstíflur, móbergsstíflur).

CALDERA L. - öskjuvatn.

FAULT L. - misgengisvatn.

TECTONIC LAKES - OROGENE L. - fellingavatn.

Högunarvötn ISOSTATIC L. - flotvægisvatn.

LANDSLIDE DAM - skriðvatn.

MISCELLANEONS LAKES - ALLUVIAL L. - framburðarstífla.

Ýmis vötn

COSTAL LAGOON - sjávarlón.

OX - BOW L. - bjúgvatn.

ASTROBLEME L. - loftsteina-, víghrattarvatn.

LAMINAR FLOW - lagstreymi. Vökvastreymi án iðukasta.

LIMNOLOGY - ferskvatnsfræði. Sú grein vísinda, sem fæst við rannsóknir á fersku vatni, sérstaklega stöðuvötnum og tjörnum.

LOAD - aurburður. Aurframburður vatnsfalls, bæði grugg og botnskrið. Sjá: SEDIMENT LOAD.

- LOW TEMPERATURE AREA - lághitasvæði. Sjá: GEOTHERMAL AREA.
- MAIN STREAM - aðalvatnsfall. Aðalvatnsfall fellur til sjávar.  
Sjá: TRIBUTARY STREAM.
- MASS FLUX - straumbungi.  $\frac{\text{kg}}{\text{km}^2 \text{ sek}}$  Það efnismagn sem streymir um ákveðið þversmið á tímaeiningu.
- MEANDER - árbugða. (kennt við ána Maiandros (nú Meanderes) í Tyrklandi).
- MEANDERING-SREAM - bugða, svigða. Bugðótt á, á sléttlendi
- METEORIC WATER - regnvatn. Sjá: CONNATE WATER, JUNENILE W .
- MINERAL SPRING - lind með efnaríku vatni (>1000 ppm uppleyst efni).
- MINERAL WATER - efnaríkt vatn (>1000 ppm uppleyst efni).
- SODA SPRING - ölkeiða, lind með það koltvísýringsríku vatni að það finnst á bragði.
- OX-BOW LAKE (MORTLAKE, BILLABONG, BAYOU) - bjúgvatn.  
Sveigmyndað vatn í gamalli árbugðu sem áin hefur yfirgefið. Sjá: MEANDERING STREAM.
- PELLICULAR WATER, FILM WATER - hjúpvatn. Það vatn sem loðir við korn eða vegg þess efnis sem það streymir um.
- PERCHED WATER - villuvatn, falskt grunnvatn. Vatn sem einhverra hluta vegna safnast fyrir í jörðu ofan raunverulegs grunnvatnsborðs.
- PERCHED WATER TABLE - falskt grunnvatnsborð. P. Spring, P. Pond.
- PERCOLATION - sig. Hreyfing vatns undan þrýstingi um jarðlög.  
Mest notað um heyfingu vatns gegnum jarðrakasvæðið.
- PERENNIAL - sírennandi. Vatnsfall sem aldrei þornar.
- PERMAFROST - sífreri. Ís sem helst í jörðu árið um kring.
- PERMEABILTIY - lekt, m/sek. (gegndræpi vatnsgengd, gagnfærni).  
Hæfni gropins efnis til að leiða vökva.
- COEFFICIENT OF PERMEABILITY - lektarstuðull = K.  $K = \frac{Q L}{A H}$
- Stuðull er háður eiginleikum leiðarans (bergsins) og vökvans (þ.e. segju hans).
- PERMEABILITY TEST - lektarprófun.
- PERMEABLE - lekur (vatnsgengur, gagnfær, gegndræpur).
- PERMEABLE FORMATION - lek myndun.
- PERVIOUS - glufóttur, lekur. Berg er glufótt þegar groppa þess stafar af glufum svo sem sprungum, gropnum laga-mótum, gjám.
- PHREATIC DIVIDE - grunnvatnsskil. Sjá: GROUNDWATER DIVIDE.

PHREATIC WATER - grunnvatn. Vatn neðan grunnvatnsborðs.  
Sjá: GROUNDWATER.

PIEZOMETRIC SURFACE - þrýstivatsborð. Ímyndað grunnvatnsborð  
lokaðs veitinn (aquifers). Þetta yfir-  
borð kemur fram þegar borað er í veitinn  
og vatnið í honum stígur upp í borholuna.

PORE - póra, hola-blaðra, glufa. Allt holrými í bergi.

PORE-VOLUME- pórurúmmál, rúmmál holrýmisins. Póruhluti  
(porosity)

$$P = \frac{v_1 - v_2}{v_1}$$

P = póruhluti

$v_1$  = heildarrúmmál

$v_2$  = bergrúmmál

póruhlutfall (void ratio)

$$e = \frac{v_1 - v_2}{v_2}$$

pórutala = fjöldi póra í rúmmáls- eða flatar-  
einingu bergs.

POROUS - gropinn (gleypur, gljúpur, poróttur).

POROSITY - groppa (gleypni, póruhluti).  $n = \frac{V_v}{V_o}$

n = groppa

$V_v$  = rúmmál holrýmis

$V_o$  = heildarrúmmál

PRIMARY POROSITY - blöðru og millisteindarými.

SECONDARY POROSITY - sprungurými, glufurými.

EFFECTIVE (PRACTICAL) POROSITY - virk (nýtanleg)  
gropna. Sú groppa sem ræður vatnsgæfninni

Sjá: SPECIFIC YIELD.

POTAMIC - fljótandi.

POTAMOLOGY - fallvatnafræði.

POTHOLE - skessuketill. Katlar sem sorfist hafa í berg vegna  
iðustreymis í nánd við fossa og flúðir.

PUMPING TEST - dæluprófun.

RAPIDS (CASCADES) - flúðir. Hvítfyssandi hraðstreymi í á  
eða óreglulegir smáfossar.

REGRESSION - afflæði. Brotthvarf grunnsævis af landi vegna  
landriss eða sjávarborðshækkunar. Sjá: TRANSGRESSION.

REYNOLDS NUMBER - Reynolds tala,  $N_r$  (einingarlaua stuðull).

$$N_r = \frac{pvd}{M}$$

P = eðlisþungi vökva

v = hraði

d = þvermál pípu

M = seigja vökva

Reynolds tala er notuð til að finna mörkin milli yðustreymis og lagstreymis í vökva.

RUNOFF - afrennsli. Afrennsli mælist í vökvamagni á tímaeiningu t.d.  $l \cdot sek^{-1}$

TOTAL RUNOFF = surface runoff + groundwater runoff (base runoff). Heildarafrennsli = yfirborðs-afrennsli + grunnvatnsafrennsli.

SALT WATER INTRUSTION - saltvatnsinnskot. Salt vatn í jarðlögum annað hvort áttað beint úr sjó eða grunnvatn sem hefur farið um og leyst upp saltlög í jörðu.

SEDIMENT LOAD - aurburður. Framburðarmagn fallvatns, grugg+botnskrið.

SUSPENDED LOAD (TURBIDITY) - grugg (svifaur).

BED LOAD - botnskrið.

SINK HOLE, "PONOR" - svelgur, niðurfall. Staður, þar sem vatnsfall eða hluti þess hverfur undir yfirborð jarðar.

SNOW LINE (DRY SNOW LINE) - snjólína. Ofan línunnar á engin bráðnun sér stað árið um kring. Sjá: EQUILIBRIUM LINE.

SODA SPRING - ölkelda.

SOIL-WATER (SOIL MOISTURE) - jarðraki, jarðvegsraki. Jarðvatn yfir grunnvatnsborði. Sjá: SUB-SURFACE WATER.

SOLFATARA (MUD SPRING) - leirhver.

SPECIFIC (INTRINSIC) PERMEABILITY - raunlekt, raunlektin er eingöngu háð gerð leiðarans. Gerð vökvans er henni óviðkomandi.

$$k = Cd^2$$

C = einingarlaus stuðull háður lögum rennslisbrautar.

d = meðalþvermál rennslisbrautar.

SPECIFIC TRANSMISSIVITY - raunleiðni, "vatnsleiðnigetupykkt"

$$= kb. \quad k = \text{raunlekt}$$

$$b = \text{þykkt veitis.}$$

SPECIFIC YIELD - vatnsgæfni. Sjá: SPECIFIC RETENTION.

SPECIFIC RETENTION - vatnsheldni. GROPPA - vatnsgæfni + vatnsheldni (einingar oftast rúmmálshlutföll eða prósentur).

Þessi hugtök eru notuð um það vatn sem þyngdaraflið eitt nær og nær ekki úr vatnsmettuðu efni.

SPRING - lind (uppspretta). Staður þar sem vatn sprettur sjálfkrafa úr jörð.

SPRING GROUP - lindasvæði, lindaklasi. Lindaklasi úr ákveðnum veiti (aquifer).

SPRING THAW - vorleysing.

SPRINGFED RIVER - lindá. Á sem mestmegnis nærast á lindavatni.



Slíkar ár hafa jafnt rennsli árið um kring. (Íslensk nafngift).  
Sjá: STREAM.

STEP-DRAW DOWN TEST - þrepaðaling. Dæluprófun þar sem könnuð eru áhrif sívaxandi dælingar á grunnvatnsborð.

STOKES FORMULAE - Stokes lögmál. Jafna um sökkhraða kúlu í vökva.

$$x = \left( \frac{n \cdot h}{8k-8v} \right)^{1/2} t$$

x = kornastærðin (mm), t = settími (mín).

n = seigja vökvans (poise).

h = fallhæð í setflösku (cm).

k = eðlisþungi korna.

v = eðlisþungi vökva.

STORAGE COEFFICIENT (S) - forðastuðull, geymslustuðull (einingarlaus stuðull). Það vatnsmagn sem veitir getur gefið afsér(eða drukkið í sig) á rúmmáls-einingu. Í opnum veitum er þessi stuðull nánast jafn vatnsgæfninni. Í lokuðum veitum er S háður tveimur fjaðurstuðlum fyrir þjöppun bergs og þjöppun vatns.

STREAM - fallvatn, vatnsfall. Classification of streams:

International:

1. Ephemeral str. = Stopul á, affall úrkomu eða leysinga.
2. Intermittent str. = Árstíðabundin á.
3. Perennial str. = Sírennandi á.

Icelandic:

1. Direct runoff stream = Dragá.
2. Spring fed stream = Lindá.
3. Glacial stream = Jökulá.


STREAM LINE - straumlína.

STRUCTURAL WATER - krystalvatn, efnabundið vatn. Vatn sem bundið er í kristalla bergs, t.d. í zeolita.

SUBMERGENCE - kaffæring.

SUB-SURFACE WATER (GROUNDWATER, SUBTERRANIAN WATER) - jarðvatn. Vatn og raki undir yfirborði þurrlendis jarðar.

Lagskipting jarðvatnsins.



SURFACE WATER - vatn, yfirborðsvatn. Fallvötn og stöðuvötn.

SUSPENDED LOAD (TURBIDITY) - grugg (svifaur).  
Sjá: SEDIMENT LOAD, LOAD.

SUSPENDED WATER, WADOSE WATER - jarðraki.

TERRACE - hjalli (setlaga hjalli).

RIVER TERRACE, RIVER BENCH - árhjalli.

RAISED BEACH - sjávarhjalli, marbakki.

CHAME TERRACE - jökulhjalli.

THEIS EQUATION - Theis jafnan.

$$h_0 - h = \frac{Q}{4\pi T} \int_u^{\infty} \frac{e^{-u}}{u} du$$

$h_0$  = vatnsborð (prýstingshæð) fyrir dælingu.

$h$  = vatnsb. (pr.hæð) við tímann  $t$  eftir að dæling hófst

$Q$  = rennsli úr borholu.

$T = kb$  = leiðnistuðull,  $b$  = þykkt .

$u = \frac{r^2 S}{4Tt}$   $v$  = fjarlægð frá borholu.  
 $S$  = geymslustuðull.

Jafnan sýndi sambandið milli niðurdráttar í borholu annars vegar og rennslis, lektar og geymslu hins vegar.

THERMAL SPRING - volgra, laug, hver (vatnshver). Lind með volgu eða heitu vatni.

THERMOMINERAL SPRING - heit efnarík lind: (>1000.ppm uppleyst efni).

TRANSGRESSION - áflæði. Innstreymi sjávar yfir landsvæði vegna landsigs eða sjávarborðshækkunar.  
sjá: REGRESSION.

TRANSMISSIVITY, TRANSMISSIBILITY - leiðni, eining  $m^2$ / sek.

COEFFICIENT OF TRANSMISSIVITY - leiðnistuðull,

$T = bk$

$b$  = þykkt veitis.

$k$  = lektarstuðull.

TRANSPIRATION - útgufun. Uppgufun vatns úr gróðri.

Sjá: EVAPORATION, EVAPOTRANSPIRATION.

TRAVERTIN - lindakalk. Kalk sem fellur út í kringum lindir með kalkríku vatni. Hérlendis myndast það aðeins við hverri og laugar.

TRIBUTARY STREAM - þverá. Á sem fellur í aðalvatnsfall eða æðri þverá. Sjá: MAIN STREAM.

- TRIBUTARY STREAM OF FIRST ORDER - 1. þverá; fellur í aðalvatnsfall  
2. þverá fellur í 1.þverá o.s.frv.
- TSUNAMI - flóðbylgja af völdum jarðskjálfta og/eða eldsumbrota
- TURBIDITY-grugg, svifaur.
- TURBULENCE (SPIRALFLOW) - iða. Hringstreymi, iðuköst og hvirflar í vökvum eða lofttegundum.
- TURBULENT FLOW - iðustraumur, iðustreymi. Vökvastreymi með iðuköstum. Sjá: LAMINAR FLOW.
- VADOSE WATER - jarðraki. Sjá: SOIL WATER
- VORTEX - hringiða. Sjá: TURBULENCE.
- WARM SPRING - laug. Heit lind með góðum baðvatnshita ( $\approx 20-50^{\circ}\text{C}$ ).  
Volgra - volg lind undir baðvatnshita ( $\approx 10-20^{\circ}\text{C}$ ).
- WATER BALANCE - vatnsjöfnuður. Vatnsjöfnuður = úrkoma + raungufun.
- WATER DISCHARGE - rennsli. Notað um fánlegt vatnsmagn úr lindum og borholum.
- WATER DIVIDE, WATERSHED - vatnaskil. Frá vatnaskilum rennur vatn til beggja átta. Sjá: GROUND-WATER DIVIDE. og SURFACE-WATER DIVIDE.
- WATERFALL - foss. Flokkun Íslenskra fossa.
- |            |               |
|------------|---------------|
| Höggunarf. | sprungufoss   |
|            | misgengisfoss |
| Rofsf.     | árrofsfoss    |
|            | brimrofsfoss  |
|            | jökulrofsfoss |
| Stífluf.   | hraunfoss     |
|            | skirðufoss    |
|            | urðarfoss     |
- WATERFALLS CREST - fossberi. Hart berglag (eða jarðlag) sem ber uppi foss.
- WATERSHED LEAKAGE - grunnvatnsstreymi undir vatnaskil.
- WINTER THAW - vetrarhláka.

ÍSLENSKA - ENSKA.

AÐALVATNSFALL - main stream.

AÐSTREYMI - advection.

AFFLÆÐI - regression.

ÁFLÆÐI - transgression.

AFNÁM - ablation. AFNÁMSSVÆÐI - ablation area.

ÁKOMA (SÖFNUN) - accumulation.

ÁKOMUSVÆÐI - accumulation area.

ALÞJÓÐA VATNAFRÆÐIÁRATUGURINN - International Hydrological.  
Decade (IHD).

ALÞJÓÐASAMBAND VATNAFRÆÐINGA - International association of  
Hydrologists (IAH).

ÁRBUGÐA - meander.

ÁRKEILA - alluvium fan.

ÁRMÓT - confluence.

ÁRÓSAR (ÓSEYRAR) - delta.

ÁRSET - alluvium, alluvial sediments.

AURAVATN - braided stream.

AURBURÐUR - sediment load, load.

AURKEILA - alluvial fan.

BJÚGVATN - ox-bow lake, mortlake, billabong, bayou.

BLÖÐRU- og MILLISTEINDARÝMI - primary porosity.

BOTNHITI - bottom temperature.

BOTNSKRID - bed load.

BROT - ford ( hæpin þýðing).

BUGÐA (SVIGÐA) - meandering stream.

DARCY - eining, sem notuð er fyrir raunlekt efna.

DRAGÁ - direct run-off river (Icelandic term).

DÆLUPRÓFUN - drawown test.

FALLVATN - stream.

FALLVATNAFRÆÐI - potamology.

FALSKT GRUNNVATN - perched water.

FANNING NÚNINGSSSTUÐULLINN - Fanning frictions number.

FERSKVATNSFRÆÐI - limnology.

FLJÓTANDI - potamic-

FLÓÐ (HLAUP, VATNAVEXTIR) - flood, flooding.

FLÓÐBYLGJA - flood wave.

FLÓÐASET - flood deposit.  
FLÓÐTOPPUR - flood crest, flood Peak.  
FLÓÐVÖLLUR - flood plain.  
FLÚÐIR (HÁVAÐAR) - rapids, cascades.  
FLÆÐI - flux.  
FORÐASTUÐULL (GEYMSLUSTUÐULL) - storage coefficient.  
FOSS - waterfall.  
FOSSBERI - waterfall's crest.  
FOSSVALDUR - fallsmaker (?).  
GHYBEN-HERZBERG LINSÁ - Ghyben-Herzberg lens.  
GHYBEN-HERZBERG REGLA - Ghyben-Herzberg relation.  
GLUFÓTT BERG - pervious rock.  
GLUFUSTREYMI -  
GLUFURÝMI - secondary porosity.  
GNÓTTARGUFUN - evapotranspiration.  
GROPINN (GLEYPUR, GLJÚPUR, PÓRÓTTUR) - porous.  
GROPPI (GLEYPNI, PÓRUHLUTI) -porosity.  
VIRK GROPPA - effective porosity  
GRUGG (SVIFAUR) - suspended load, turbidity.  
GRUNNSTINGULL- anchor ice.  
GRUNNVATN - groundwater.  
GRUNNVATNSBORÐ - groundwater table, gr, w. level.  
GRUNNVATNSFORÐI - groundwater storage.  
GRUNNVATNSGEYMR - groundwater reservoir.  
GRUNNVATNSSKIL - groundwater divide, phreatic divide.  
GUFUHVÉR - fumarole (STEAM VENT ).  
HÁHITASVÆÐI - high temperature area.  
HARKA (VATNS) - hardness (of water).  
HÁRPÍPUBELTI (HÁRPÍPUSVIÐ) - capillary fringe.

HJALLI (SETLAGA HJALLI) - terrace.

ÁRHJALLI - riverterrace

JÖKULHJALLI - came terrace

SJÁVARHJALLI - raised beach

STRANDHJALLI (SJÁVAR-ÉÐA VATNS) - bench

HJÚPVATN - film water, pellicular water, adhesive water.

HRINGIÐA - vortex.

HVARFASVIÐ (GRUNNVATNS) - belt of fluctuation.

HVER - thermal spring.

Almennar nafngiftir:

VOLGRA - warm spring (10-20°C)

LAUG - warm spring (20-50°C).

VATNSHVER - hot spring (50-100°C).

GOSHVER - Geyser

GUFUHVÉR - fumarole

LEIRHVÉR - solfatara

Efnafræðilegar nafngiftir:

SÚR HVER - acid spring

BRENNISTEINSH. - spring depositing sulphur

BÁSISKUR H. - alkaline boiling sp.

KÍSILH. - spring depositing silica

KOLSÝRULAUG - thermal soda spring.

KALKLAUG - spring depositing calcium carbonate

IÐA - turbulence (spiral flow).

IÐRAGAS - NÝGAS - juvenile gas.

IÐRAVATN - NÝVATN - juvenile water.

IÐUSTRÁUMUR - turbulent flow.

ÍSAFRÆÐI - cryology.

ÍSALTUR, (HÁLFSALTUR) - brackish.

ÍSOG (BINDING) - absorption

JACOBS JAFNA - Jacobs equation

JARÐHITA - (JARÐVARMA) - geothermal

JARÐHITASTIGULL - geothermal gradient

JARÐHITAVÖKVI - geothermal fluid

JARÐRAKASVÆÐI - areation zone.

JARÐRAKI - soil water, soil moisture.

JARÐVATN - sub-surface water (groundwater).

JARÐVATNSFRÆÐI - geohydrology, groundwater hydrology.

JARÐVEGSRÁKI - soil water, soil moisture.

JÖKULHLAUP - glacier burst.

JÖKULL - glacier.

DALJÖKULL (ALPAJ): - Alpglacier

FALLJ. - icefall.

GADDJ. - kold gl.

SKÁLARJ. (BOTNJ.) - cirque gl.

SKRIBJ. - outlet gl.

ÞÍÐJ. - temperate gl.

ÞELAURÐ - rock glacier.

JÖKULLÓN- ice dammed lake.

JÖKULSÁ - glacial stream (Icelandic term).

JÖKULVATNA- glaciofluvial, fluvioglacial.

KAFFERING - submergence.

KALDVERMSL - (enskan á ekki orð).

KRISTALVATN (EFNABUNDIÐ VATN) - structural water.

LÁGHITASVÆÐI - low temperature area.

LAGSTREYMI - laminar flow.

LAUG - warm spring (20-50°C).

LEIÐNI - transmissibility , transmissivity.

LEIÐNISTUÐULL - coefficient of transmissivity (transmissibility)-T

LEIRHVER - solfatara.

LEKT ( GEGNDRÆPI, VATNSGENGD, GAGNFÆRNI) - permeability.

LEKTARPRÓFUN - permeability test.

LEKTARSTUÐULL - coefficient of permeability - K.

LEKUR - permeable.

LEYSING (JÖKULLEYSING) - ablation.

LEYSINGASVÆÐI - ablation area.

LEYSINGAVATN - melt water.

LIND - spring

LINDASVÆÐI - spring area.

LINDÁ - spring-fed river, (Icelandic term).

LINDARKALK - travertin.

MILLISTEINDA - intercrystalline.

MILLISEINDARÝMI - intercrystalline (aveties (gaps)).

MILLISTEINDAVATN - intercrystalline water.

MÝRI - mire, bog.

DÝ - moss flush, dy  
FLÁ - palsa mire  
FLÓI - marsh  
FLÆDIMÝRI - alluvial mire  
FREDMÝRI - tundra  
HALLAMÝRI - sloping mire  
SJÁVARFITJAR - salt marsh

NIÐURDÁTTARKEILA - cone of depression.

NIÐURDÁTTUR - drawdown.

PÓRA (GROPPA) - pore.

PÓRUHLUTI - porosity.

PÓRUHLUTFALL - void ratio

PÓRUSTREYMI

PÓRUTALA - pore number

RAUNLEIÐNI (VATNSLEIÐNIGETUÞYKKT ) - specific transmissivity.

RAUNLEKT - specific (intrinsic) permeability.

REGNVATN - meteoric water.

RENNSLI (STREYMI) - flow.

REYNOLDS TALA - Reynolds number.

SALTSVATNSINNSKOT - salt water intrusion.

SETVATN - connate water.

SÍFRERI - permafrost.

SIG - percolation.

SIGVATN - gravitational water

SIGVATNSSVÆÐI - percolation zone.

SÍRENNADI - perennial.

SKESSUKETILL - pothole.

SKRIÐUVÆNGUR - alluvial fan.

SKRÝMSLAFLÓÐ - monstroflood.

SKRÝMSLAFRÆÐI - monstrology.

SNÆLÍNA - snow line.

STEMMIR - aquiclude.

STOKES LÖGMÁL - Stokes formulae.

STRAUMLÍNA - streamline.

STRAUMFRÆÐI - fluid mechanics, hydraulics.

STRAUMPUNGI - mass flux.



STRENGUR (HRADSTREYMI) - jet flow.  
STÖÐUVATN - lake. (Flokkun vatna sjá LAKES).  
STÖÐUVATNA- - lacustrine.  
SVELGUR (NIÐURFALL) - sink hole, "ponor".  
SVIFAUR - turbidity, suspended load.  
THEIS JAFNA - Theis equation.  
TVÍVETNI ( $H^2$  EÐA D) - deuterium.  
UPPGUFUN - evaporation.  
ÚTGUFUN - transpiration.  
VATNA-, (VATNS-) - aquatic, aqueous, fluvial.  
VATNAFAR - hydrological conditions.  
VATNAFARSHRINGURINN (VATNSHRINGRÁSIN) - the hydrologic cycle. Sjá kápumynd.  
VATNAFRÆÐI - hydrology (surface hydrology).  
VATNAFRÆÐINGUR - hydrologist.  
VATNJARÐFRÆÐI - hydrogeology.  
VATNAKERFI - drainage net.  
VATNALÍFFRÆÐI - hydrobiology  
VATNALÍFFRÆÐINGUR - hydrobiologist  
VATNAMÆLINGAR - hydrometry.  
VATNASKIL - surface-water divide, topographic divide.  
VATNASVIÐ - catchment area, drainage basin.  
VATNSGENGAR MYNDANIR, LEKA MYNDANIR - permeable formations.  
VATNSGÆFNI - specific yield.  
VATNSHELDNI - specific retention.  
VATNSHÆÐARMÆLISTÖÐ - gauging station.  
VATNSJÖFNUÐUR - water balance.  
VATNSRIT, VATNSLÍNURIT - hydrograph.  
VATNSRÝMD, VATNSGEYMD, VATNSFORÐI - storage.  
VEITIR (GRUNNVATNSVEITIR, GRUNNVATNSBERI) - aquifer.  
VETRARHLÁKA - winter thaw.  
VIÐLOÐUN - adhesion.  
VIÐLOÐUNARVATN (HJÚPVATN) - adhesive water, film water, pellicular water.  
VILLULIND - perched spring.  
VILLUVATN - perched water.  
VILLUVATNSBORÐ - perched groundwater table.

VOLGRA - warm spring (10-20°C).

VORLEYSING - springthaw.

YFIRBORÐSVATN - surface water.

ÞÉTTUR - impermeable.

ÞREPAÐÆLING - step-drawdown test.

ÞRÝSTIVATN - artesian water (confined water).

ÞRÝSTIVATNSBORÐ - piezometric surface.

ÞUNGT VATN ( $D_2O$ ) - heavy water.

ÞURR - arid.

ÞVERÁ - tributary stream.

1. ÞVERÁ tributary stream of first order.

ÖLKELDA - soda spring.

HEIMILDIR

Heimildir eru ótal skýrslur Orkustofnunar og annarra stofnana sem fengist hafa við jarðvísindi. Mest er stuðst við eftirtalin þrjú rit:

Dictionary of geological terms..

American Geological Institute 1975.

Ground Water Hydrology, eftir David K. Todd 1959.

Nordisk Hydrologisk Terminologi.

Nordic IHD report no. 5 1973.

Ed. Arne Tollan.

Félagar mínir á Jarðkönnunardeild hafa farið handritum gagnrýnum augum og fært margt til betri vegar. Fjölmargir aðrir, sem of langt yrði upp að telja, hafa og gefið mér góðar ábendingar við þessa samantekt. Hafi þeir allir góða þökk fyrir.